



Fundargerð hreppsnefndar 19. september 2013

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 19. sept. 2013 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Á fundinn voru mætt Bárður Jónasson, Björn Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður E. Konráðsdóttir, Fjola Valsdóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir og Sigríður Bragadóttir. Jafnframt var mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 5. sept. sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 5. sept. sl.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál. Fundargerð Fræðslunefndar frá 12. sept. sl.

Lögð fram fundargerð fræðslunefndar frá 12. sept. sl.

Fram kom fyrirspurn um starfsmannafundi og fjallað um ábendingu nefndarinnar um frágang á lóð skólans. Nefndarmenn voru sammála um að skoða þessi mál vel með tilliti til lausnar.

Fundargeðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

3. mál Fundargerð Hafnarnefndar frá 12. sept. sl. sl.

Lögð fram fundargerð hafnarnefndar frá 12. sept. sl.

Gerð var grein fyrir tillögu hafnarnefndar í 5. tl. fundargerðarinnar, þar sem lagt er til að reynt verði að ráðast í lagfæringu á dýpi hafnarinnar.

Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að vinna í framgangi málsins.

4. mál. Fundargerð stjórnar Arnarvatns ehf. frá 12. sept. sl.

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Arnarvatns frá 12. sept. sl.

Oddviti gerði grein fyrir fundargerðinni. Að yfirferð hans lokinni urðu talsvert miklar umræður um efni fundargerðarinnar, þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum og hvernig best yrði staðið að stefnumótun fyrir rekstur Hótelis Tanga.

Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að vinna að framgangi lagfæringa samanber 3. tl. fundargerðarinnar.

5. mál. Kolbeinsgata 55, stofnun húsfélags.

Lagt fram fundarboð vegna stofnunar húsfélags að Kolbeinsgötu 55, þar sem Vopnafjarðarhreppur á tvær íbúðir.

Hreppsnefnd fagnar því að málið sé komið á þennan rexpöl.

6. mál Drög að lögreglusamþykkt fyrir Vopnafjarðarhrepp.- Síðari umræða-

Um málið var áður fjallað á fundi hreppsnefndar 5. sept. sl. og var samþykktunum þá vísað til síðari umræðu.

Sveitarstjóri fór yfir samþykktirnar og gerði grein fyrir smávægilegum lagfæringum sem gerðar hafa verið á þeim frá fyrri umræðu. Björn Hreinsson lagði síðan fram nokkrar breytingartillögur á 18. 19. og 24. gr. og gerði grein fyrir þeim.

Nokkrar umræður urðu síðan um fyrirliggjandi samþykktir og breytingartillögum.

Að loknum miklum umræðum um þessi mál voru fyrirliggjandi breytingartillögur lagðar undir atkvæði og voru þær samþykktar samhljóða með 7 atkvæðum.

Hreppsnefnd samþykkti síðan samhljóða fyrirliggjandi samþykktir með áorðnum breytingum og fól sveitarstjóra að senda þær til staðfestingar hjá Innanríkisráðuneytinu.

7. mál Kolbeinstangi ehf. ársreikningur

Lagður fram ársreikningur Kolbeinstanga ehf. Sveitarstjóri gerði grein fyrir reikningnum. Í máli hans kom fram að starfsemi félagsins hefur ekki verið nein á árinu 2012. Hreppsnefnd samþykkti ársreikninginn fyrir sitt leyti.

8. mál. Starfsstöð Austurbrúar á Vopnafirði.-Samningur-

Lagður fram endanlegur samningur milli Vopnafjarðarhrepps og Austurbrúar. Gildistími samningsins er frá ársbyrjun 2014 til ársloka 2016.

Hreppsnefnd lýsir ánægju með það að náðst hefur að ganga frá samningum milli þessara aðila.

9. mál. Kristjón Sigurðsson, bréf dags. 13. sept sl., varðandi muni til Múlastofu.

Lagt fram bréf frá Kristjóni Sigurðssyni, varðandi muni tengda Jónasi Árnasyni, sem hann telur að best væru komnir í minningarstofu um þá Múla bræður. Í bréfinu lýsir hann áhuga á því að koma þessum munum fyrir hér á Vopnafirði.

Fundarmenn lýstu allir yfir miklum áhuga á málinu og fólu sveitarstjóra að vinna að framgangi málsins.

10.mál. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga verður haldin í Reykjavík dagana 3. og 4. okt. nk.

Lagðar fram upplýsingar um fjármálaráðstefnu sveitarfélaga, sem haldinn verður í Reykjavík dagana 3. og 4. okt. nk.

Oddviti fór yfir málið og taldi eðlilegt að allir hreppsnefndarmenn sem hug hefðu á gætu farið á ráðstefnuna.

Óskaði hann eftir því að sveitarstjóri yrði látinn vita sem fyrst hverjir sæju sér fært að fara.

11. mál. Niðurstöður Kaupvangsnefndar

Lögð fram samantekt Kaupvangsnefndar, sem sveitarstjórn kaus til þess að fara yfir málefni Kaupvangs.

Samkvæmt tillögu sem kom fram á hreppsnefndarfundi 22. nóv. sl. var skipað 14. feb. 2013 í sérstaka nefnd sem vinna skyldi að stefnumótun fyrir Kaupvang og gera drög að framtíðarsýn fyrir starfseminu þar. Nefndin skyldi hafa samráð við íbúa og fulltrúa menningararfs og ferðamála.

Í starfshópnum eru Björn Hreinsson, Fjóla Valsdóttir og Sigríður E. Konráðsdóttir.

Talsvert miklar umræður urðu um fyrirliggjandi hugmyndir nefndarinnar. Hreppsnefnd telur mikilvægt að áfram verði unnið að stefnumótun fyrir þá starfsemi sem skal vera í Kaupvangi.

12. mál. Byggðakvóti Auglýsing, skv. bréfi Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins dags. 11. sept. sl.

Lagt fram bréf atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins dags. 11. sept. sl., varðandi auglýsingu um byggðakvóta fiskveiðiársins 2013/2014.

Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að sækja um byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2013/2014. Umsóknarfrestur er til 30. september 2013.

13. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Fundargerð Brunavarna á Austurlandi frá 6. sept. sl.

Lögð fram til kynningar

b) Fundargerð heilbrigðisnefndar Austurlands frá 2. sept. sl.

Lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið 18.50